



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í  
GARÐABÆ 3. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2015  
MIÐVIKUDAGINN 23.SEPTEMBER KL.13:15**

**1. Bréf o.fl. erindi.**

**A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)**

**Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.**

**Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.**

**B. Önnur bréf**

Þrír nemendur óska eftir undanþágu í dönsku vegna búsetu erlendis á grunnskólaaldri.  
**Lagt fram aftur til staðfestingar skólaráðs.**

Nemandi óskar eftir undanþágu frá þriðja tungumáli til stúdentsprófs af náttúrufræðibraut  
**Vísad til kennslustjóra í erlendum málum til umsagnar.**

Nemandi óskar eftir að fá að ljúka námi á nýrri námsbraut til stúdentsprófs.  
**Vísad til stjórnenda.**

Tveir nemendur segja sig frá námi

**2. Félagslíf og fjármál NFFG**

Margir viðburðir eru fyrirhugaðir á næstunni á vegum NFFG, þeir koma fram á viðburðarlista á heimasíðu skólans. Septembarmánuður er íþróttamánuður og miða flestir atburðir við það. Í undirbúningi er FG-Flensborg-dagurinn sem verður haldinn 30.október. Þá munu lið frá skólunum etja kappi í hinum ýmsu greinum.

Þórsmurkurferðin tókst í alla staði mjög vel. Uppselt var í ferðina og voru nemendur virkir í fjallgöngum og ýmsum leikjum. Ekki spillti veðrið fyrir og var mikil ánægja með ferðina.

NFFG fær sérstakt hrós fyrir framgöngu sína í tengslum við móttöku nemenda frá Tyrklandi, Rúmeníu og Litháen.

Tveir nýliðnir atburðir hafa hins vegar sett ljótan blett á félagslíf nemenda. Annars vegar hið árlega golfmót sem að þessu sinni var nemendum ekki til sóma. Hins vegar stóðu nemendur að s.k.björkvöldi þrátt fyrir að reglur um bann við slíkum atburðum séu alveg skýrar. Í máli skólameistara kom fram að menn þurfi að draga lærdóm af þessum upptökum. Stjórn NFFG og aðrir nemendur sem að þessum málum komu þurfa að gera hreint fyrir sínum dyrum og koma fram afsökunarbeiðni við golfklúbb GKG. Illa var staðið að skipulagningu golfmótsins og leggur skólinn mikla áherslu á að stjórn NFFG axli þá ábyrgð sem að henni snýr. Stjórn NFFG hafði einnig aðkomu að björkvöldinu í trássi við reglur skólans. Slíkt má ekki endurtaka sig og fullvissuðu fulltrúar NFFG skólaráð um að stjórn NFFG muni ekki koma að slíkum atburði aftur.



### 3. Önnur mál

Skólameistari kynnti nafnasamkeppni um nýtt útisvæði á lóð skólans sem verið er að leggja lokahönd á. Samkeppnin verður auglýst í FG-fréttum og er opin nemendum, forráðamönnum þeirra og starfsmönnum. Svæðið mun auka möguleika á fjölbreyttari kennsluaðferðum, útivist og ýmsum uppákomum á vegum skólans.

Skólameistari upplýsti fundarmenn um að 60 nemendur væru á skólasóknarsamningi. 4 þeirra eru hættir en við fyrsta yfirlit höfðu aðrir staðið sig vel og staðist samninginn. Öðru tímabili talningar er að ljúka og verður niðurstaðan vonandi jafn ánægjuleg og áður.

Forvarna- og heilsunefnd hefur í hyggju að vera með óvænta aðkomu að vígslu útisvæðisins í október.

#### Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi  
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara  
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri  
Kristinn Þorsteinsson skólameistari  
Páll Maris Pálsson forseti NFFG  
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi  
Snjólaug Elín Bjarnadóttir áfangastjóri  
Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara  
Sverrir Bartolozzi fjármálastjóri NFFG  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi